

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. september 2011 í máli nr. E-1301/2011:

Icelandair Cargo ehf.

(Sigurður Logi Jóhannesson hdl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Áslaug Árnadóttir hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 15. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Icelandair Cargo ehf., Brautarholti 12-14, Reykjavík, á hendur Íslandsbanka hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík, með stefnu birtri 16. mars 2011.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda GBP 127.203,86 ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 13. júní 2008 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Málavextir

Hinn 11. júní 2008 gerðu stefnandi og Glitnir samning um gjaldmiðlaviðskipti, samning nr. FX0000304230. Seldi Glitnir banki hf. stefnanda 127.231.86 bresk pund (GBP) fyrir DKK 1.200.000.00 og átti afhending að vera tveimur dögum síðar. Við uppgjörið urðu mistök hjá Glitni það er að stefnanda voru greiddir dollarar en ekki pund, eins og samningurinn gerði ráð fyrir. Hinn 22. júlí 2008 endurgreiddi stefnandi fjárhæðina sem hann hafði mótttekið í dollurum, en svo virðist sem greiðsla í pundum hafi ekki borist stefnanda frá Glitni banka hf.

Hinn 7. október 2008 ákvað Fjármálaeftirlitið að skipa skilanefnd yfir Glitni banka hf. og hinn 14. október 2008 ákvað Fjármálaeftirlitið að ráðstafa nánar tilgreindum eignum og skuldum Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf., sem síðar varð Íslandsbanki hf. Í skjali dags. 14. október 2008 (endurskoðað 19. október 2008) útgefnu af FME „Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings“ er nánar fjallað um skiptingu eigna og skuldbindinga Glitnis banka hf. Þar segir undir kaflanum um „aðrar skuldir“ að „óuppgerð viðskipti færast yfir í nýja bankann á bókfærðu verði, annað verður eftir í gamla bankanum, þar með talið skuldir tengdar afleiðusamningum“.

Hinn 3. febrúar 2009 sendi starfmaður stefnanda tölvupóst til starfsmanns hjá gjaldeyrismiðlun stefnda og óskaði eftir því að málið yrði kannað. Engin svör bárust og því var beiðnin ítrekuð 13. febrúar 2009.

Hinn 23. febrúar 2009 bárust stefnanda eftirfarandi svör frá starfsmanni hjá gjaldeyrismiðlun Íslandsbanka: „Fékk þau svör frá skilanevnd að ekki væri hægt að greiða þetta út, það verður að leggja fram kröfu og eina leiðin til þess að ná þessu öllu er með skuldajöfnun. “

Stefnandi kveðst hafa dregið þá ályktun af svörum stefnda að skuldin hefði ekki verið flutt til stefnda og var því ekkert gert í málinu af hálfu stefnanda fyrr en í lok nóvember 2009 þegar til stóð að lýsa kröfu í bú Glitnis banka hf.

Stefnandi kveður að þegar starfsmenn hans hófu vinnu við að lýsa kröfu í bú Glitnis banka hf. hafi komið í ljós að ofangreind svör frá stefnda hafi ekki verið rétt því skv. ákvörðun FME frá 14. október 2008 hafði skuldbindingin færst yfir til stefnda þar sem öll úppgerð viðskipti Glitnis banka hf. sem ekki tengdust afleiðusamningum færðust yfir til stefnda.

Hinn 7. janúar 2010 sendi forstöðumaður lögfræðideildar Icelandair Group hf., bréf til stefnda þar sem krafist var að stefndi myndi greiða stefnanda GBP 127.203,86 ásamt dráttarvöxtum frá 13. júní 2008 til greiðsludags. Í bréfinu var vísað til þess að umrædd skuld hefði færst yfir til stefnda, sbr. fyrrnevnd ákvæði ákvörðunar FME dags. 14. október 2008.

Með bréfi dags. 27. janúar 2010 barst Icelandair Group hf. svar frá lögfræðideild stefnda. Í bréfinu hafnaði stefndi greiðsluskyldu sinni með þeim rökum að krafa stefnanda teldist ekki til innlána skv. fyrrnevndri ákvörðun FME.

Í framhaldi af svörum stefnda átti forstöðumaður lögfræðideildar Icelandair Group hf. í bréfasamskiptum við starfsmenn Glitnis banka hf. Þar krafðist stefnandi þess að kröfunni yrði skuldajafnað á móti skuldum Icelandair Group ehf. hjá Glitni banka hf. en bankinn hafnaði þeirri kröfu.

Þar sem stefnanda hefur ekki borist umrædd greiðsla að fjárhæð GBP 127.203,86 frá stefnda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir telur hann nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Kröfur stefnanda byggja aðallega á því að stefnda sé skylt að greiða stefnanda GBP 127.203,86 þar sem um úppgerð viðskipti á milli stefnanda og Glitnis banka hf. hafi verið að ræða. Með ákvörðun FME dags. 14. október 2008 höfðu skuldbindingar vegna úppgerðra viðskipta verið fluttar til stefnda frá Glitni banka hf.

Fyrir liggi að Glitnir banki hf. hafi skuldbundið sig til þess að selja stefnanda GBP 127.203,86 hinn 13. júní 2008. Stefnandi hafi innt af hendi greiðslu til stefnda vegna kaupanna hinn 13. júní 2008 í dönskum krónum. Fyrir liggi að

Glitnir banki hf. hafi greitt stefnanda umsamda dollara þann sama dag. Skömmu síðar, eða hinn 18. júní 2008, hafi Glitnir banki hf. greitt fyrir mistök USD 248.658,11 inn á reikning stefnanda. Þeir fjármunir hafi síðar verið endurgreiddir. Greiðsla vegna uppgjörs á viðskiptum aðila, sem hafi átt að vera GBP 127.203,86, hafi ekki enn borist stefnanda.

Ljóst sé að viðskiptin hafi verið svokölluð stundarviðskipti. Í stundarviðskiptum með gjaldeyri felast kaup á gjaldeyri sem eigi að gerast upp innan skamms tíma gagnstætt afleiðusamningum um gjaldeyri sem miði við lengri tíma. Almennt sé miðað við að stundarviðskipti séu viðskipti sem eigi að gera upp innan tveggja daga frá viðskiptadegi. Þessu til stuðnings bendi stefnandi á, að samkvæmt skilgreiningu í svokölluðum lýsigögnum gjaldeyrisjafnaðar bankastofnana séu stundarviðskipti skilgreind sem viðskipti sem gerð séu upp innan tveggja daga frá viðskiptadegi.

Stefnandi telur að þar sem enginn afleiðusamningur hafi verið gerður um þessi gjaldeyriskaup sé óumdeilt að um stundarviðskipti hafi verið að ræða.

Til enn frekari stuðnings þess að um stundarviðskipti hafi verið að ræða, bendir stefnandi einnig á að Glitnir banki hf. hafi innt af hendi greiðslur í dollurum vegna viðskiptanna. Fyrst hafi það verið með tveimur greiðslum hinn 13. júní 2008, á sama degi og stefnandi innti greiðslu í dönskum krónum til Glitnis banka hf. af hendi. Skömmu síðar, eða hinn 18. júní, hafi Glitnir banki hf. lagt inn á reikning stefnanda USD 248.658,11. Sú fjárhæð hafi verið endurgreidd þar sem greiðslan hafi ekki verið í samræmi við samkomulag aðila. Ljóst sé að Glitnir banki hf. hafi skuldbundið sig til þess að greiða stefnanda GBP 127.203,86 og átti að inna greiðsluna af hendi á fyrir fram umsömdum viðskiptadegi hinn 13. júní 2008. Glitnir banki hf. hafi hins vegar ekki staðið við þá skuldbindingu að gera viðskiptin upp með réttum hætti.

Í ljósi þess að um stundarviðskipti hafi verið að ræða, sem ekki voru tengd afleiðusamningum, telur stefnandi ljóst að þessi óuppgerðu gjaldeyrisviðskipti hafi verið færð yfir til stefnda með áðurgreindri ákvörðun FME.

Að öllu ofangreindu virtu telur stefnandi að hann eigi réttmæta kröfu á hendur stefnda um greiðslu á GBP 127.203,86 ásamt dráttarvöxtum frá 13. júní 2008 til greiðsludags.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á reglum um skuldbindingargildi samninga og almennum reglum kröfuréttar. Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á ákvæðum XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um kröfugerð, aðallega á hendur aðalstefnda og til vara á hendur varastefnda, sé vísað til 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Mál þetta er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt heimild í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda

Í fyrsta lagi tekur stefndi fram að fyrir liggi dómskjöl sem beri með sér að sú krafa sem stefnandi sækir í málinu hafi verið framseld öðrum lögaðila, Icelandair Group

hf. Hafði það verið gert hinn 13. júní 2008 eins og fram hafi komið í bréfi forstöðumanns lögfræðideildar Icelandair til Glitnis banka hf., dags. 19. október 2010.

Til viðbótar hafi Icelandair Group hf., sem mun vera móðurfélag stefnanda, hagað aðgerðum sínum þannig gagnvart Glitni banka að enginn vafi leiki á því að hann hafi fengið kröfuna framselda og farið eða misfarið með hana sem eigandi hennar. Má þar nefna tilraunir til skuldajöfnunar við kröfur Glitnis banka gagnvart Icelandair Group.

Stefndi heldur því fram að stefnandi eigi ekki þá hagsmuni sem hann leiti dóms fyrir og því sé aðildarskortur sóknarmegin sem leiði til sýknu, sbr. ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfu sína á því að skuld Glitnis banka hf. við stefnanda hafi með einhverjum hætti flust yfir til Íslandsbanka hf. með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 14. október 2008. Stefndi byggir á því að sýkna beri hann af öllum kröfum stefnanda vegna aðildarskorts til varnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála. Byggir sýknukrafa stefnda á því að málinu sé ranglega beint gegn honum.

Í þriðja lagi tekur stefndi fram að hann hafi aldrei tekið við þeirri skuldbindingu sem hugsanlega hafi hvílt á Glitni banka hf. vegna vanefnda á samningi við stefnanda. Hvorki liggi samningar þar að lútandi fyrir, né hafi skuldin verið færð í bækur stefnda á grundvelli þeirra ákvarðana Fjármálaeftirlitsins sem frumefnahagsreikningur bankans og heildaruppgjör við Glitni banka hf. byggist á. Kröfuréttur á hendur stefnda byggist því hvorki á samningi, lögum né annars konar bindandi ákvörðunum stjórnvalda.

Meginmálsástæða stefnda er að engar skuldbindingar verði á hann lagðar nema samkvæmt skýrum fyrirmælum sem eigi sér stoð í því heildaruppgjóri sem fram hafi farið með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins í október 2008 og tildrögum þeirra. Kröfur stefnanda séu beinlínis í andstöðu við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og auðsæ markmið hennar.

Í fjórða lagi kveður stefndi að stefnandi virðist telja að orðalag um uppgjör á „óafgreiddum viðskiptum“ í svokölluðum „forsendum fyrir skiptingu efnahagsreiknings“ eigi að leiða til þess að hann verði betur settur en tugþúsundir almennra kröfuhafa Glitnis. Þetta sé alrangt en jafnvel þótt fallist væri á skilning stefnanda þá sé óheimilt að túlka það án samhengis við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 14. október 2008 og þann efnahagsreikning sem unninn hafi verið á grundvelli allra umræddra gagna.

Viðskiptin sem vísað er til á bls. 2 í forsenduskjalinu eigi við um peningafærslur sem enn voru á ferðinni í kerfum bankans, ýmist vegna eigin viðskipta eða milligöngu. Markmið ákvarðana Fjármálaeftirlitsins hafi verið að koma í veg fyrir hrun greiðslukerfa landsins og af þeim sökum hafi það orðið að taka fram að nýju bankarnir tækju að sér þá miðlun greiðslna sem enn hafi verið „í pípunum“ þegar þeir féllu. Alrangt sé að halda því fram að þetta orðalag eigi að túlka þannig að margra mánaða vanefndarkröfur falli þar undir.

Í fimmta lagi sé óumdeilt að þau viðskipti sem tekist sé á um í málinu hafi verið svokölluð stundarviðskipti, enda segi í almennum skilmálum í samningi stefnanda og Glitnis banka hf. um umrædd gjaldmiðlaviðskipti, að í gjaldmiðlaviðskiptum fari afhending gjaldmiðla almennt fram tveimur bankadögum eftir samningsdag.

Samkvæmt samningi stefnanda og Glitnis banka hf. frá 11. júní hafi afhendingardagur átt að vera 13. júní 2008. Afhending Glitnis banka hf. virðist hafa dregist til 18. júní 2008, en þá hafi Glitnir banki hf. greitt stefnanda andvirði DDK 1,200,000.00. Greiðslan hafi reynst vera í annarri mynt en um var samið vegna mistaka, þ.e. í dollurum en ekki í pundum. Stefnandi hafi endurgreitt dollarana 22. júlí 2008 og óskað eftir greiðslu í pundum í staðinn, en vegna mistaka hafi sú greiðsla aldrei verið innt af hendi.

Það sé því ljóst að umræddur samningur um gjaldmiðlaviðskipti hafi verið eða átt að vera uppgerður í júní 2008, en Glitnir banki hf. virðist ekki hafa gengið frá greiðslum sem leiðréttu áttu mistök sem hafi orðið við uppgjör samningsins. Í ljósi þess sé ekki hægt að halda því fram að um óuppgerð viðskipti sé að ræða heldur augljóslega vanefnda skyldu, sé lýsing stefnanda á atvikum málsins rétt.

Í sjötta lagi tekur stefndi fram, að eins og að framan greini hafi Fjármálaeftirlitið hinn 7. október 2008 ákveðið að skipa skilanefnd yfir Glitni banka hf. og 14. október 2008 að ráðstafa eignum og skuldum Glitnis banka hf. til stefnda. Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins hafi verið teknar með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, svokölluðum neyðarlögum.

Af greinargerð með frumvarpi því sem hafi orðið að neyðarlögunum megi sjá að tilgangur lagasetningarinnar hafi verið að koma í veg fyrir kerfishrun og bankaáhlaup með því að tryggja áframhaldandi almenna bankastarfsemi og öryggi innstæðna á Íslandi. Segir að mikilvægt sé að stjórnvöld hafi heimild til að grípa til nauðsynlegra aðgerða, enda sé ljóst að fjárhags- og rekstrarvandi kerfislega mikilvægra banka geti haft mjög alvarleg keðjuverkandi áhrif á fjármálamarkaðinn og íslenskt hagkerfi og ógnað fjármálastöðugleika. Ástæða þess að Fjármálaeftirlitið greip inn í starfsemi Glitnis banka hf. á grundvelli framangreindra ákvæða hafi verið sú að stofnunin taldi að bankinn hafi í raun verið ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Þegar skorið sé úr um það hvaða eignir og skuldir fluttust frá gamla bankanum til nýja bankans sé nauðsynlegt að hafa þessar aðstæður í huga.

Í sjöunda lagi bendir stefndi á að meginreglan við skiptingu Glitnis banka í gamlan og nýjan banka hafi verið að nýi bankinn yfirtók innlendar eignir og innlendar innstæður Glitnis. Í gamla bankanum hafi hins vegar verið skildar eftir allar skuldir aðrar en innlendar innstæður. Þetta megi sjá af ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka hf., frá 14. október 2008. Ekki sé á það minnst að stefndi taki yfir kröfur af þeim toga er stefnandi hefur uppi í máli þessu, enda teljist sú krafa ekki til innlána, ábyrgða eða verðbréfa sem Glitnir banki hafi gefið út eða veðskulda áhvílandi á fullnustueignum.

Með óuppgerðum viðskiptum verði að telja að átt sé við viðskipti sem voru í bígerð þegar ákvörðunin hafi verið tekin, en ekki viðskipti frá 13. júní 2008, fjórum

mánuðum áður en ákvörðun Fjármálaeftirlitsins var tekin. Þá verði ekki talið að leiðrétting vegna mistaka starfsmanna Glitnis banka hf. geti talist óuppgerð viðskipti sem færst hafi yfir til stefnda.

Það sé því ljóst að umrædd skuld sem Glitnir banki hf. virðist standa í við stefnanda hafi ekki verið flutt yfir til stefnda með ákvörðum Fjármálaeftirlitsins hinn 14. október 2008. Því sé stefndi ekki réttur aðili að málinu og beri að sýkna hann af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í áttunda lagi bendir stefndi á að telji dómurinn að umrædd kröfuréttindi hafi í raun verið flutt til stefnda sem skuldbinding byggja stefndi jafnframt á því að með aðgerðarleysi sínu hafi stefnandi fyrirgert öllum þeim rétti sem hann kynni að hafa haft. Sé sérstaklega vísað til þess að mjög þýðingarmikið hafi verið fyrir stefnda að fá vitneskju um málsókn vegna þess uppgjörs sem lokið hafi verið á árinu 2009 við Glitni banka í framhaldi af flutningi tiltekinna eigna og skulda til stefnda.

Með aðgerðum sínum hafi stefnandi jafnframt gefið fyllsta tilefni til að ætla að hann myndi beina kröfum sínum að Glitni banka, m.a. í formi skuldajöfnunar. Þessi málsókn sé því ósamrýmanleg þeim aðgerðum, að ekki sé minnst á þá staðreynd að stefnandi hafi framselt kröfuna til annars aðila svo sem rakið var hér að framan.

Verði ekki fallist á að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts geri stefndi kröfu um að dráttarvextir verði ekki dæmdir fyrr en í fyrsta lagi frá og með uppkvaðningu endanlegs dóms, enda hafi stefnandi talið óljóst að hverjum hann hafi átt að beina kröfum sínum og beint þeim að stefnda og Glitni banka hf. til skiptis. Vísast um þetta til 7. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Um málskostnaðarkröfu stefnda vísast til ákvæðanna í 129.-131. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Dagana 11. og 13. júní 2008 gerðu Flugleiðir-Frakt ehf. og Glitnir banki hf. þrjá samninga um gjaldmiðlaviðskipti. Hinn 28. ágúst 2010 breyttist nafn Flugleiða-Fraktar ehf. í Icelandair Cargo ehf., sem er stefnandi í máli þessu. Ekki er deilt um efni eða efnidir á tveimur samningum um skipti á dönskum krónum og Bandaríkjadöllum en ágreiningur aðila snýst um hinn þriðja sem fjallar um skipti á breskum pundum (GBP) og dönskum krónum (DKK). Ágreiningslaust er að Glitnir banki hf. greiddi bandaríska dollara í stað breskra punda inn á reikning stefnanda. Hinn 22. júlí 2008 voru dollararnir endurgreiddir bankanum án þess að bankinn hafi greitt bresku pundin í þeirra stað. Stefnandi kveður að hann hafi ekki orðið var við þessi mistök fyrr en í febrúar 2009. Í málinu er stefnandi að gera kröfur um greiðslu á bresku pundunum.

Eignarhald hinnar umdeildu dómkröfu er ekki svo skýrt sem skyldi. Í bréfi forstöðumanns lögfræðideildar Icelandair Group frá 6. apríl 2010 til Glitnis banka hf., (slitastjórnar) kemur fram að stefnandi hafi framselt Icelandair Group hf. kröfu þá sem um er deilt í málinu. Ekki er upplýst í bréfinu hvenær framsalið átti sér stað. Það var hins vegar gert í bréfi frá hinum sama forstöðumanni dags. 19. október 2010 og tilgreint að framsalið hefði átt sér stað 13. júní 2008.

Slitastjórn Glitnis banka hf. svarar nefndu bréfi frá Icelandair Group hf. hinn 10. janúar 2011. Af því bréfi verður ekki annað ráðið en að slitastjórnin hafi viðurkennt að stefnandi eigi kröfu á hana; einungis virðist sem í bréfinu sé verið að hafna skuldajöfnuði á móti skuldum Icelandair Group við Glitni banka hf. Þannig virðist eignarhald kröfunnar í janúar 2011 vera á þann hátt að Iceland Group hf. eigi kröfuna.

Mál þetta er síðan höfðað í mars 2011. Ekkert liggur fyrir um að stefnandi hafi þá átt kröfuna. Í yfirlýsingu Björgólfs Jóhannssonar, forstjóra Icelandair Group hf., og Gunnars Más Sigurfinnssonar, framkvæmdastjóra Icelandair Cargo ehf., dags. 24. ágúst 2011, staðfesta þeir að stefnandi eigi þá kröfu sem um er deilt í málinu. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það í málinu hvenær stefnandi hafi eignast kröfuna.

Stefndi byggir á því að hann eigi ekki aðild að máli þessu. Eins og að framan greinir gerði stefnandi samning við Glitni banka hf. Hinn 7. október 2008 ákvað Fjármálaeftirlitið að skipa skilanefnd yfir Glitni banka hf. og hinn 14. október 2008 ákvað Fjármálaeftirlitið að ráðstafa nánar tilgreindum eignum og skuldum Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf., sem síðar varð Íslandsbanki hf. Kröfu sína á hendur stefnda byggir stefnandi á því að í 1. ml. 10. gr. ofangreindrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins segi, að kveðið sé á um nánari meðferð einstakra liða í skiptingu efnahagsreiknings meðal annars í sérstöku skjali sem Fjármálaeftirlitið hafi staðfest, nefnt „forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings“. Í síðastnefndu skjali, sem dagsett sé 14. október 2008 og endurskoðað 19. október sama ár, sé kveðið á um skiptingu eigna og skuldbindinga Glitnis banka hf. Stefnandi byggir á því að í kaflanum um „aðrar skuldir“ sé fjallað um óuppgerð viðskipti og telur hann að krafa hans falli þar undir.

Áðurnefnd ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 7. október 2008 er tekin með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Í upphafi 1. gr. laga nr. 125/2008 segir, að við sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði sé fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Af greinargerð með lögnum verður ráðið að tilgangur lagasetningarinnar hafi verið sá, að tryggja virkni fjármálakerfisins og vernda fjármálamarkaðinn. Segir þar að ljóst sé, að fjárhags- og rekstrarvandi kerfislega mikilvægra banka geti haft mjög alvarleg keðjuverkandi áhrif á fjármálamarkaðinn og íslenskt hagkerfi og ógnað fjármálastöðugleika. Við úrlausn á ágreiningi aðila um það, hvort kröfum stefnanda sé réttilega beint að stefnda eður ei, verður að líta til þess sem ákvörðunin, samkvæmt efni sínu, tilgreinir að ráðstafað hafi verið yfir til nýja bankans, auk þess sem horfa verður til framangreindra sjónarmiða um tilgang laganna, sem umrædd ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er byggð á.

Af ákvæðum framangreindrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins er ljóst, að með henni var ráðstafað tilgreindum og nánar afmörkuðum eignum, réttindum og skyldum frá Glitni banka hf. yfir til stefnda, áður Nýja Glitnis banka hf. Samkvæmt 7. til 9. tl. ákvörðunarinnar yfirtók Nýi Glitnir banki hf., nú stefndi, innlán frá fjármálafyrirtækjum og fleirum, skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum o.fl. og skuldbindingar samkvæmt verðbréfum sem Glitnir

banki gaf út. Ekki er í ákvörðuninni tekið fram að Nýi Glitnir hf. yfirtaki kröfur álíka þeim er stefnandi krefur um í málinu.

Eins og atvikum máls þessa er háttað er ekki fallist á að krafa stefnanda um leiðréttingu á mistökum starfsmanna Glitnis banka hf., sem áttu sér stað í júní 2008 og uppgötvuðust í febrúar 2009, geti talist óuppgerð viðskipti sem stefndi beri ábyrgð á, en um stundarviðskipti var að ræða sem taka um það bil tvo virka daga. Því er hafnað að umrædd skuld, sem Glitnir banki hf. virðist standa í við stefnanda, hafi verið flutt yfir til stefnda með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hinn 14. október 2008. Niðurstaða málsins er því sú að stefndi sé ekki réttur aðili að málinu og beri að sýkna hann af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Með vísan til 131. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 800.000 kr.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndi, Íslandsbanki hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Icelandair Cargo ehf.

Stefnandi greiði stefnda 800.000 kr. í málkostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir